

Fardagar Fjarmenntaskólans
Verkefni 2016-17

Lokaskýrsla

Inngangur

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra fékk styrk árið 2016 til að leiða verkefnið „Fardagar fjarmenntaskólans“ skólaárið 2016-17. Áfangastjórar fjarmenntaskólanna hófu undirbúningsvinnu í september 2016 og unnu að honum í samstarfi við stjórnendur og kennara á haustönn 2016 og vorönn 2017. Fardagar voru svo haldnir í tilraunaskyni í mars 2017 en þá fóru nemendur og kennarar á milli skóla í n.k. vinnubúðir. Verkefnið tókst vel og er það von skólanna að framhald verði á því.

Fjarmenntaskólarnir

Fjarmenntaskólinn er samstarfsvertvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta.

Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Upplýsingar um það er best að nálgast hjá hverjum skóla.

Samstarfsskólarnir eru:

- Fjölbautaskóli Vesturlands – [FVA](#)
- Menntaskóli Borgarfjarðar – [MB](#)
- Fjölbautaskóli Snæfellinga – [FSN](#)
- Menntaskólinn á Ísafirði – [MÍ](#)
- Fjölbautaskóli Norðurlands Vestra – [FNV](#)
- Menntaskólinn á Tröllaskaga – [MTR](#)
- Framhaldsskólinn á Húsavík – [FSH](#)
- Framhaldsskólinn á Laugum – [Laugar](#)
- Menntaskólinn á Egilsstöðum – [ME](#)
- Verkmenntaskóli Austurlands – [VA](#)
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu – [FAS](#)
- Menntaskólinn að Laugarvatni – [ML](#)
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum – [FÍV](#)

Auk þessara skóla tók Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað þátt í verkefninu með því að bjóða upp á smiðjur.

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að fjölga tækifærum nemenda á landsbyggðinni til frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar. Fjarmenntaskólarnir búa yfir góðri þekkingu, tækjabúnaði og mannauði sem hentar vel til kennslu í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Marmið verkefnisins var að nýta þennan auð. Samstarfsskólarnir eru litlir og hver um sig hafði ekki bolmagn til að bjóða upp á nám í nýsköpun eða frumkvöðlastarfsemi nema að litlu leyti. Markmið verkefnisins var að bjóða upp á fjölbreyttara nám víða um land sem myndi styrkja enn betur nám landsbyggðarnema í heimabyggð.

Í umsókn voru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið 1: Verkefnið miðar að því að skólaárið 2017 – 2018 verði í fyrsta sinn haldnir „Fardagar Fjarmenntaskólans“, þar sem nemendur og kennarar samstarfsskólanna fari í n.k. vinnubúðir til umsóknarskólanna.

Markmið 2: Á Fardögum muni nemendur fá tækifæri til að vinna að nýsköpun sinni með viðeigandi tækjabúnaði og fá innsýn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

Markmið 3: Áfangi í frumkvöðlamennt og nýsköpun verði kenndur í hverjum skóla fyrir sig, þar sem nemendur vinna að undirbúningi og skipulagningu þeirra verkefna sem þeir vilja standa fyrir eða skapa á Fardögum. Hugmyndavinna og úrvinnslan fari því fram í heimaskóla en framleiðsla eða sköpun fari fram á Fardögum.

Framkvæmd

Á haustönn 2016 og vorönn 2017 störfuðu áfangastjórar fjarmenntaskólanna að undirbúningi fardaganna. Fundir voru vikulega. Jafnframt unnu áfangastjórar að undirbúningi fardaganna með því að vinna með fólk í heimaskólum. Undirbúningur var meðal annars fólginn í að

- Ákveða vinnustofur
- Ákveða tímaramma
- Vinna lýsingar á vinnustofum/námskeiðum
- Miðla upplýsingum
- Kynna og auglýsa vinnustofur í boði

Fardagar Fjarmenntaskólanna voru haldnir í fyrsta sinn í tilraunaskyni í mars 2017. Fardagar fóru fram með þeim hætti að nemendur og kennarar fóru í n.k. vinnubúðir milli skóla. Nemendur fengu tækifæri til að vinna með nýsköpun með viðeigandi tækjabúnaði og fengu innsýn inn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

Dæmi um vinnustofur:

Fablab

Sýndarveruleiki

Kvikmyndagerð

Vinna með listamönnum

Málmsmíði með hátækni

Niðurstöður og mat

Eftirfarandi er mat á því hvernig tókst að ná markmiðum:

Markmið 1: Verkefnið miðar að því að skólaárið 2017 – 2018 verði í fyrsta sinn haldnir

„Fardagar Fjarmenntaskólans“, þar sem nemendur og kennrar samstarfsskólanna fari í n.k. vinnubúðir til umsóknarskólanna.

Mat: Endanlegt mat á þessu markmiði verður ekki ljóst fyrr en skólaárinu 2017-18 er lokið.

Þó má segja að verkefnið hafi verið á undan áætlun því fardagar voru haldnir í fyrsta sinn á vorönn 2017, þ.e. á skólaárinu 2016-17. Á fardögum fóru nemendur og kennrar í vinnubúðir umsóknarskólanna. **Dæmi um vinnustofur:** Fablab, Sýndarveruleiki, Kvikmyndagerð, Vinna með listamönum og Málmsmíði með hátækni.

Markmið 2: Á Fardögum muni nemendur fá tækifæri til að vinna að nýsköpun sinni með

viðeigandi tækjabúnaði og fá innsýn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

Mat: Sem fyrr segir er skólaárið 2017-18 ekki liðið en verkefnið var á undan áætlun og

nemendur fengu tækifæri til að vinna að nýsköpun með ýmsum tækjabúnaði, m.a. í málmtækni, fablab tækjum og sýndarveruleikabúnaði.

Markmið 3: Áfangi í frumkvöðlamennt og nýsköpun verði kenndur í hverjum skóla fyrir sig, þar sem nemendur vinna að undirbúnungi og skipulagningu þeirra verkefna sem þeir vilja standa fyrir eða skapa á Fardögum. Hugmyndavinna og úrvinnslan fari því fram í heimaskóla en framleiðsla eða sköpun fari fram á Fardögum.

Mat: Þetta markmið hefur ekki náðst enn að fullu þegar þessi skýrsla er skrifuð. Þó hafa sumir umsóknarskólanna kennt áfanga í frumkvöðlamennt og nýsköpun. Útfærslan á fardögum vor 2017 varð sú að hugmyndavinna og úrvinnsla fór fram á Fardögunum sjálfum.

Almennt var ánægja meðal áfangastjóra með verkefnið en þó má gera betur. Það sem helst má laga er að huga betur að móttöku og utanumhald um nemendur sem heimsækja skóla. Æskilegt er að kennari fylgi nemendahópi.

Lokaorð

Verkefnið Fardagar fjarmenntaskólanna tókst vel og jók tækifæri nemenda til að þráða hæfileika sína á sviði nýsköpunar.

Sauðárkróki 5. desember 2017


Ingileif Oddsdóttir
Skólameistari Fjölbautaskóla Norðurlands vestra

